

Lýsing á tæki

Af hverju ætti að fylgjast með því hvernig skólastofan er notuð?

Vettvangsathugun á því sem fram fer í skólastofunni er ein skilvirkasta leiðin til að skilja ferla náms og kennslu í skóla þegar upplýsingar sem þannig aflast eru greindar og ígrundaðar á grundvelli kenningar um nám og kennslu (sjá Helmke, 2012; Meyer, 2010).

Við slíka athugun er gagnlegt að styðjast við eftirfarandi spurningar:


- Hvernig nýta kennarar húsnæðið til kennslu? (sjá Stadler-Altmann, 2015, 2018, 2019)
- Hvernig nýta nemendur rými sín til náms? (sjá Waldner 2018; Stadler-Altmann, 2013)

Kortlagning og lýsing á nýtingu skólastofunnar

Markmið með kortlagningu og lýsingu á því sem fram fer í stofunni er að greina áhrif húsakynna sem um ræðir á starf og athafnir kennara og atferli nemenda.

Tækið

Ferðir kennara og nemenda um kennslurýmið eru teiknaðar inn á grunnteikningu af rýminu ásamt athugasemdum um athafnir eða samskipti á þeim stöðum sem um ræðir hverju sinni, eins og hér má sjá á *Mynd 1*.



Mynd 1. Dæmi um kortlagningu á athöfnum í kennslustofu (© Waldner, 2018).

Auk skráningar á hreyfingum þarf að fylgjast með og skrá hve lengi dvalið er á hverjum stað. Hér að ofan var beitt sérstökum teningi, ZEI frá Timeular, við þær mælingar og með samsvarandi hugbúnaði má mæla þetta af nákvæmni upp á mínútur og sekúndur (sjá <http://timeular.com>). Hér að ofan voru tímar sem fóru í dvöl eða samskipti á hverjum stað lagðir saman og jafnframt gefnir upp með hlutfallstölu.

Greining á kortlagðri vettvangsathugun


Við einfalda greiningu má ræða í teymi kortlögð hreyfimyndur í kennslurýminu. Mikilvægt er að beina athygli að samskiptamynstrum ekki síður en rýmisþáttum.

Beitt er klösum athafna til grundvallar greiningunni:

- (1) Kynning: Byrjun kennslu- eða námslotu
- (2) Kennaramiðaðir þættir kennslunnar: Fyrirlestrar, innlagnir og fleira
- (3) Nemendavinna: Einstaklingsvinna, paravinna eða hópvinna
- (4) Umskipti: Athafnir á milli kennsluþátta
- (5) Lok: Lokapáttur kennslu- eða námslotu


Samskiptin eru færð inn á teikninguna af kennslurýminu, númeruð og tími þeirra skráður. Hreyfingarnar má svo taka saman á tímaás eins og hér er sýndur (*Mynd 2*) og í súlu sem sýnir hlutföll eftir klösum (*Mynd 3*).

Fig. 2: Lesson's profile



(Horne Martin 2002, p. 142)

Fig. 3: Cluster column



(Horne Martin 2002, p. 143)

Mynd 2. Tímaás kennslustundar. Mynd 3. Klasasúla.



Mynd 4. Dæmi um kortlagningu á hreyfingum tveggja kennara (© Waldner, 2018).

Frekari upplýsingar

Stadler-Altmann, U. (2016), Gebaute Umgebung als Lernumgebung. Haben Schulgebäude und Klassenzimmer Einfluss auf Lehren und Lernen? Í U. Stadler-Altmann (ritstjóri), *Lernumgebungen. Erziehungswissenschaftliche Perspektiven auf Schulgebäude und Klassenzimmer* (bls. 49-68). Opladen, Berlin, Toronto: Barbara Budrich.

Stadler-Altmann, U. (2015), The Influence of School and Classroom Space on Education. Í C. Rubie-Davies, J. M. Stephens og P. Watson (ritstjórar), *The Routledge International Handbook of Social Psychology of the Classroom* (bls. 252-262). London: Routledge.

Waldner, A. (2018), Lehren und Lernen im Spannungsverhältnis von Klassenraumgestaltung, Lehrpersonen, Schülerinnen und Schülern (meistararitgerð). Brixen.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



Ulrike.StadlerAltmann@unibz.it